

- 227 c. Ef kennari er veikur um langan tíma, skal hann endurnýja læknisvottorð sitt, þegar tveir mánuðir er liðnir, frá því er hann veiktist, en síðan á þriggja mánaða fresti. Frá þessu ákvæði má þó veita undanþágu, ef augljóst þykir fyrirfram, að kennari verði ekki fær um að koma til starfs á skólaárinu.
30. des. d. Nú hefur kennari verið fjarverandi vegna veikinda heilt skólaár, og er honum þá óheimilt að hefja kennslustarf næsta skólaár, nema hann sanni með læknisvottorði (heilbrigðisvottorði), að hann sé fær um það heilsunnar vegna. Sams konar vottorðs má krefjast, hvenær sem ástæða þykir til, þó að kennari hafi verið skemur frá störfum.
- e. Skyllt er kennara, sem er frá störfum vegna veikinda, að ganga undir hverja þá viðurkennda læknisrannsókn, er við verður komið og nauðsynleg kann að þykja, til þess að skorið verði úr því, hvort veikindaforföll séu lögmæt.
- Skólastjórar skulu sjá um, að kennarar hlíti framangreindum reglum, en í skólum, þar sem aðeins er einn kennari (skólastjóri) skal formaður skólanefndar hlutast til um þetta.

Ráðuneytið hefur falið skólayfirlækni að vera trúnaðarlæknir sinn, og skal senda öll læknisvottorð til hans jafnóðum. Hann úrskurðar, hvort vottorð skuli tekin gild, hvenær krefjast skuli nýrrar læknisrannsóknar og í hverju hún skuli fólgin og gerir tillögur um, hvenær veita megi undanþágu frá endurnýjun læknisvottorða og hvenær krefjast skuli heilbrigðisvottorðs.

Heilbrigðismálastjórn hefur látið gera sérstakt eyðublað fyrir starfsmenn ríkisins: *Læknisvottorð um veikindaforföll starfsmanna ríkis (ríkisstofnunar)*.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglugerðar nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1959.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius

228

30. des.

STARFSREGLUR

handa trúnaðarlækni menntamálaráðuneytisins.

Trúnaðarlæknir skal vera læknisfræðilegur ráðgjafi ráðuneytisins um lögmæti veikindaforfalla kennara, sbr. reglur um vottorðsskyldu kennara í veikindaforföllum. Skal hann, þegar ráðuneytið mælir svo fyrir, fara yfir læknisvottorð kennara og úrskurða, hvort tekin skuli gild eða ekki, gera tillögur um, hvenær veita megi undanþágur frá endurnýjun læknisvottorða og hvenær krefjast skuli heilbrigðisvottorðs af kennara eftir veikindi.

Ef læknisvottorð veitir ekki nægilegar upplýsingar, til þess að trúnaðarlæknir geti af því skapað sér sjálfstæða, rökstudda skoðun á málinu, ber honum að afla sér slíkra upplýsinga og er, þegar svo stendur á, heimilt að krefjast hveirrar þeirrar viðurkenndrar læknisrannsóknar, sem við verður komið og nauðsynleg telst í því skyni.

Þegar sjúkdómur er þess eðlis, að löng fjarvera kennara frá starfi þyki líkleg, skal trúnaðarlæknir afla sér nákvæmra upplýsinga hjá sjúklingi sjálfum um segin

(subjektiv) einkenni sjúkdómsins, munnlega, þegar því verður komið við sökum 228
fjarlægðar, en annars bréflega. Hins vegar er trúnaðarlækni ekki skylt að fram- 30. des.
kvæma rakta (objektiv) rannsókn á sjúklingi.

Að lokinni rannsókn á hverju sjúkdómstílfelli skal trúnaðarlæknir senda ráðu-
neytinu úrskurð sinn og tillögur.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REIKNINGUR

229

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jónssonar
1. sept. 1956—31. ágúst 1957.

Tekjur:

1. Eign pr. 1. sept. 1956:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	4000.00	
b. Vísitölubréf	—	25000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	2904.19	
2. Vextir.			
a. Af skuldabréfum	—	175.00	
b. — vísitölubréfum	—	1750.00	
— innstæðu í Landsbanka Íslands	—	193.62	
			— 2118.62
3. Útdregin bréf			— 2000.00
			<hr/> Kr. 36022.81

Gjöld:

1. Úthlutað á árinu	kr.	700.00	
2. Til jafnaðar við tekjulið 3	—	2000.00	
3. Eign í lok reikningsárs:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3000.00	
b. Vísitölubréf	—	24000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	6322.81	
			— 33322.81
			<hr/> Kr. 36022.81

Biskup Íslands, Reykjavík, 16. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.